

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1994 til og með 14. maí 1994 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðausturlandi innan 9 sjómílna frá viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að vestan markast svæðið af 18°V og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum (viðmiðunarpunktur 9).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í aprílmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.